

7. gr.

Gjöld fyrir starfræksluleyfi samkvæmt 2. gr. reglugerðar þessarar skulu ákveðin með gjaldskrá sem ráðherra setur.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

Ennfremur greiðist Póst- og símamálastofnun eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar viðurlögum samkvæmt 23. gr. laga um fjarskipti.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 28. maí 1984 um fjarskipti, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Mýrdalshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 23. október s. l., fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Breytingin felur í sér að hluti af auðkenndu verslunarsvæði skv. aðalskipulagi milli Víkurbrautar og Sunnubrautar verður íbúðarsvæði og auk þess að svæði undir opinberar byggingar á horni Ránarbrautar og Víkurbrautar verður að hluta verslunarlóð og að hluta svæði undir opinbera starfsemi.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línal.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1984—2004.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. janúar 1986 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1984—2004 með fyrirvara um skipulag í næsta nágrenni vegamóta Bessastaða- og Álfтанesvegar. Deiliskipulag miðbæjarkjarna